

Alþingi,
Umhverfis og samgöngunefnd
sent á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 29. apríl 2021

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál.

Vestfjarðastofa sem fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, þakkar fyrir beiðni um veitingu umsagnar um framangreint mál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) vill í upphafi beina til umhverfis og samgöngunefndar að kynna sér umsögn FV í umsagnarferli Landsskipulagsáætlunar [Fjórðungssamband-Vestfirðinga.pdf \(landsskipulag.is\)](#) og bendir janframt á svör Skipulagsstofnunar við umsögn FV. [Umsögn-um-framkomnar-athugasemdir.pdf \(landsskipulag.is\)](#)

Efni þingsályktunarinnar og svör Skipulagsstofnunar telur Fjórðungssamband Vestfirðinga tilefni til að áréttta þá skoðun, að Landsskipulagsstefna taki um of á viðfangsefnum sem koma úr ranni þéttbýlli svæða og nálgun á fyrirmyndir erlendis frá eru sama eðlis. Sett á oddinn þá séu viðfangsefni viðauka við Landsskipulagsstefnu of höfuðborgarmiðuð og sýn höfuðborgar um stefnu skipulags fyrir landið í heild verði ráðandi. En í umsögn FV til Skipulagsstofnunar segir;

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að við undirbúning og skrif Landsskipulagsstefnu ætti að taka umræðu um hvernig taka beri tillit mið mótun stefnu, til ólíkrar aðstæðna sveitarfélaga á þéttbýlli svæðum landsins og landsstórra sveitarfélaga í dreifbýli. Hér má einnig tiltaka mismunandi aðstæður fjölkjarnasveitarfélaga og sveitarfélaga sem hafa meginhluta íbúa í einum þéttbýlisskjarna. Með tilheyrandi margföldun kostnaðar og vinnu við útfærslu skipulagsstefnu og verkefna sem valin eru t.d. tengingu þéttbýlisstaða með umhverfisvænni samgöngum. Má hér einnig taka undir ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka eigi tillit til aðstæðna að sumri sem vetri.

FV telur að í umsögn Skipulagsstofnunar við þetta atriði gæti ákveðin misskilnings þ.e. að svara því til að 95% landsmanna búi í þéttbýli og umræðan og mörkun stefnu endurspegli því almannavilja.

Rétt er því að áréttta að hér er átt við lífsýn og verkefnaval Landsskipulagsstefnu sé of einhliða mörkuð af sýn íbúa í höfuðborg og nágrennasveitarfélögum höfuðborgar. Skilningur á aðstæðum og vali á viðfangsefnum þessa svæðis yfirgnæfa sjónarmið íbúa utan þessa svæðis.

Fjórðungssamband Vestfirðinga beinir þeirri tillögu til umhverfis og samgöngunefndar, að sett verði ákvæði í Landsskipulagsstefnu um að verkefnaval og landskipulagsstefna verði rýnt með byggðagleraugum. Er hér vísað til umræðu sem hafin er í tengslum við endurskoðun Byggðaáætlunar að tekin verði upp „byggðagleraugu“ við mat á áhrifum af áætlunum stjórnvalda.

Vindorka.

Mikilvægt er að nýting vindorku sé hluti af Landsskipulagsstefnu en miður er, hve seint stefnumörkunin var sett inn að nýju, en hún var tekin út við upphaf endurskoðunar stefnunnar.

Almennt séð þá kemur umfjöllun Landsskipulagsstefnu inn á þau viðfangsefni sem þarf að ræða og leysa við uppbyggingu vindorku. Málið er brýnt til úrlausnar og leggja verður áherslu á að þessum málaflokki sé hér með komið í ákveðin farveg og sveitarstjórnir geti tekið það til umfjöllunar. Sagt með fyrirvara um að koma síðar að málinu, reynist verkefnaferill ekki ásættanlegur. Áréttað er hér, að það séu skipulagsáætlanir sveitarfélaga sem eru upphaf og endir í ákvörðunum um uppbyggingu vindorku.

Varðandi sjónræn áhrif verður að áréttá nauðsyn þess að taka inn í umhverfismatið áhrif lýsingar s.s. af hindrunarljósum o.fl á vindmyllum. Reynsla frá Noregi gefur nú til kynna að lýsing af þessu tagi getur gerbreytt landslagsheildum og þar með þeim gæðum sem íbúar hafa búið við og eru eftirsóttir búsetuþættir. Þetta á sérstaklega við eftir því sem norðar dregur, þar sem hálf tónið er dagsbirta víkjandi og lýsing áberandi í landslaginu meginhluta sólarhringsins. Víða má finna álíka aðstæður á Íslandi.

Haf og strandsvæðaskipulag.

Áréttað er hér umsögn FV til Skipulagsstofnunar fyrr á þessu ári.

Fjórðungssambandið telur mikilvægt að hraðað verði skipulagi hafs og strandsvæða við landið og sett verði auknir starfskraftar og fjármagn til að verkefnisins. Langur aðdragandi var að málinu þegar Landsskipulagsstefna var sett fram og eins var langur aðdragandi að löggjöf og upphaf verkefna á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Fjórðungssambandið lýsir hér áhyggjum af nærsvæðum Strandsvæðaskipulags Vestfjarða og að of langur tími líði þar til þau svæði verði tekin til skoðunar. Benda má aðstæður Ísafjarðabæjar þar sem hluti strandlengju Friðlands á Hornströndum er utan Strandsvæðaskipulags Vestfjarða, þ.e. svæði frá Straumnesi að Furufriði.

F.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.